

# Ísland fyrr og nú: Saga og samhengi

Þorvaldur Gylfason

*Þessi grein birtist fyrst á ensku í vefritinu [www.voxeu.org](http://www.voxeu.org) 10. júlí 2008 og birtist hér með smávægilegum breytingum í íslenskri þýðingu Örnú Varðardóttur. Höfundurinn er prófessor í hagfræði í Háskóla Íslands, þýðandinn er hagfræðingur frá sama skóla.*

Ísland hefur aldrei verið leiðinlegt, öðru nær. Þrátt fyrir fólksfæð þrífst landið á menningu, sem er römm blanda af gömlu góssi og glænýju, allt frá Brennu-Njálssögu til Bjarkar. Þetta er einn af lyklunum að aðdráttarafli landsins til að endurheimta þær þúsundir ungmenna, sem hafa flykkzt til náms og starfa erlendis. Um þessar mundir stundar hundraðasti hver Íslendingur nám við háskóla í 36 löndum víða um heim. Ef fortíðin er höfð til marks, mun meginþorri þessa unga fólks snúa aftur heim til Íslands til að vinna og stofna heimili að námi loknu. Hágæðamenning er að vísu munaðarvara og veitir mikla gleði í landi, sem deilir fyrsta sætinu á lífskjaralista Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna með Noregi eins og Ísland gerði 2007. Laggæðastjórnsmál flæma unga ekki fólkið burt, ekki enn að minnsta kosti. Áður fyrr skall stundum hurð nærri hælum, svo að fjöldi fólks hefði þá kunnað að flýja land, en svo varð þó ekki að neinu marki. Björk fór, það er rétt, en þar voru togkraftar að verki frekar en þrýstikraftar.

## Talsamband við flokkinn

Íslensk stjórnsmál eru bjagaðri blanda en menningin af gömlu og nýju. Réttur skilningur á Íslandi og fjármálavandanum, sem nú er við að glíma, útheimtir skilning á forsögunni og samhengi hennar við öldurótið nú. Allt frá upphafi heimastjórnar 1904 hefur landsbyggðin vegið þyngra á Alþingi en atkvæðafjöldi í kosningum segir til um. Misvægi atkvæðisréttar eftir búsetu hefur sveigt og teygt hagstjórnina og hagskipulagið að dreifbýlishyggju og verndarstefnu í andstöðu við borgarmenningu og markaðsbúskap nútímans. Nær alla 20. öldina hafði hver kjósandi í dreifbýli þrefaldan eða fjórfaldan atkvæðisrétt á við Reykvíkinga og aðra á suðvesturhorni landsins. Allt fram til ársins 2003 hélt landsbyggðin meiri hluta sínum á Alþingi, þótt tveir þriðju hlutar þjóðarinnar búi nú á Reykjavíkursvæðinu. Slagsíðan á kosningalöggjöfinni hægði á umskiptum frá hálfmiðstýrðu hagskipulagi til blandaðs markaðsbúskapar. Misvægi kosningaréttarins var vatn á myllu þeirra, sem streittust gegn því að leysa efnahagslífið undan ægivaldi stjórnsmálanna, þar á meðal bankana, en einkavæðingu þeirra lauk fyrir aðeins fáeinum árum.

Einkavæðing bankanna var löngu tímabær, en framkvæmdin var gölluð. Til að mynda auðguðust nokkrir framlínsmenn í stjórnarflokkunum ótæpilega – mjög ótæpilega – eða þeir héldu sætum sínum í bankaráðum eftir einkavæðingu, nema hvort tveggja væri. Ritstjóri *Morgunblaðsins* lýsti einkavæðingarferlinu í ritgerð sinni um forsætisráðherrann í *Forsætisráðherrabókinni* 2004, væntanlega með samþykki hins síðar nefnda. Ritstjórinn segir þar, að úr því að Framsóknarflokkurinn hafi tryggt tilkall sitt til Búnaðarbankans, hafi forsætisráðherrann, sem er nú sjálfskipaður seðlabankastjóri, talið „nauðsynlegt að Landsbankinn kæmist í hendur manna sem Sjálfstæðisflokkurinn hefði a.m.k. talsamband við.“ Meginmarkmið einkavæðingarinnar hefði átt að vera að skera fyrir fullt og allt á tengsl stjórnsmálaflokkanna við bankana líkt og ég mælti með í prentaðri greinargerð til viðskiptaráðherra 1993, en svo varð ekki.

## **Góðum systurum semur vel**

Leifarnar af gömlum rígi milli landsbyggðarinnar og Reykjavíkur, þar sem fólkinu fjölgaði úr 6.000 við upphaf heimastjórnar í 180.000 nú, lýsa sér á ýmsa vegu. Þrátt fyrir umtalsverða frívæðingu efnahagslífsins undangengin ár birtast leifarnar í þeim innhverfu verndarsjónarmiðum, sem enn eimir talsvert eftir af og hafa fram á okkar daga fært stjórnámálönnum of mikil áhrif á efnahagslífið, sér í lagi stjórnámálönnum á landsbyggðinni með mun færri atkvæði á bak við sig en kjörnir fulltrúar suðvesturhornshins. Sé nýmarkaðsríki skilgreint sem land þar sem stjórnálasjónarmið vega að minnsta kosti jafnpungt og viðskiptasjónarmið í efnahagslífinu (sem er algeng skilgreining), sýnist Ísland eiga vel heima meðal nýmarkaðsríkja. Þessi innhverfa verndarstefna hjálpar okkur að skilja, hvers vegna fjórir af fimm stjórnámálaflokkum, sem eiga fulltrúa á Alþingi, eru enn mótfallnir inngöngu Íslands í Evrópusambandið og Myntbandalag Evrópu, þótt skoðanakannanir sýni, að meiri hluti kjósenda flokkanna fimm, jafnt hægri sem vinstri flokka, styðja inngöngu Íslands. Í þessu ljósi er skiljanlegt, hvers vegna stjórnámálmennt, sem leggjast gegn aðild, eru einnig mótfallnir þjóðaratkvæðagreiðslu, þar sem hver kjósendi hefði eitt atkvæði, til að útkljá málið. Af skoðanakönnunum að dæma hefði Ísland getað gengið í Evrópusambandið ásamt Austurríki, Finnlandi og Svíþjóð 1995, hefði þjóðaratkvæðagreiðsla farið fram á þeim tíma. Hefði Ísland meðfram því tekið upp evruna, og hugsanlega jafnvel án evrunnar, hefði verið hægt að komast hjá hinum innlenda hluta fjármálavandans, sem nú er við að glíma, en þá hefði stjórnámálleiðtogum þurft að takast að tryggja meira jafnræði milli þéttbýlis og landsbyggðar, því að sveit og borg eru systur, og góðum systurum semur vel.

## **Tímabær leiðrétting**


Fjármálaumrótið að undanfögnu hefur aukið stuðning við inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Ýmis samtök atvinnurekenda, áhyggjufull yfir sveiflum í gengi krónunnar, hafa nú loksins komið að þeirri niðurstöðu, að krónan, minnsti fljóttandi gjaldmiðill heimsins, sé of hvikul og evran sé eini raunhæfi kosturinn. Samt sem áður eru atvinnurekendur í sjávarútvegi enn sem fyrr mótfallnir aðild, aðallega vegna ótta við að Íslendingar myndu neyðast til að deila fiskimiðum sínum með öðrum aðildarríkjum. Krónan hefur nú fallið um tæpan þriðjung á einu ári og úrvalsvísitala hlutabréfa um röskan helming síðan hún náði hámarki fyrir ári.

Gríðarleg verðhækkun á hlutabréfamarkaði, þ.e. níföldun 2001-2007, jafngildir 44% meðalvexti á ári sex ár í röð. Þetta var augljós bóla. Níföldun á verði hlutabréfa á aðeins sex árum er heimsmet eins og Robert Aliber, prófessor í Chicagoháskóla, bendir á í væntanlegri ritgerð, sem hann kynnti á málstofu í Háskóla Íslands fyrir skömmu. Leiðrétting var því óumflýjanleg. Í ljósi ört vaxandi skuldaföfnunar undanfögnu ár og mikillar eyðslu í skjóli skuldanna hlaut krónan einnig að gefa eftir. Einnig þetta er nauðsynleg leiðrétting, þó að hún sé sársaukafull fyrir fjölda fyrirtækja og heimila, sér í lagi þau, sem tóku evrulán við lágum vöxtum, áður en gengið féll. Til að Ísland geti gengið í Evrópusambandið og Myntbandalag Evrópu, þarf gengi krónunnar að vera rétt skráð í upphafi. Margt bendir til, að krónan þurfi að gefa meira eftir en orðið er að raunvirði, áður en hún nær að samrýmast sjálfbæru ytra jafnvægi þjóðarbúsins. (Þessi skoðun styðst meðal annars við nýlega ritgerð um Ísland eftir Robert Tchaidze, hagfræðing í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.) Þar eð verðbólgan mælist nú með tveggjastafatölu, myndi þetta krefjast enn meira gengisfalls en ella vegna víxlverkunar verðlags og gengis. Þegar þessi leiðrétting hefur átt sér stað og verðbólgan hefur hjaðnað niður fyrir 3% á ári, verður Ísland tækt til inngöngu í Evrópusambandið, að því tilskildu að nauðsynleg viðhorfsbreyting eigi sér stað á stjórnámálavettvangi. Þegar menn reyna að tala krónuna upp, eins og sumir hafa gert, eru þeir í raun og veru að reyna að tala niður horfur á aðild Íslands að Evrópusambandinu.

### Hvar stöndum við?

Landsframleiðsla á mann á Íslandi er enn ofarlega á lista hátekjulanda. Eins og áður sagði deildi Ísland fyrsta sæti á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna með Noregi 2007. Röðunin tekur mið af langlífi og menntun ásamt tekjum á mann. Í tekjuhlua vísitölunnar væri landsframleiðsla á hverja vinnustund betri mælikvarði en landsframleiðsla á mann, þar eð fyrri mælikvarðinn nær yfir vinnuna, sem býr að baki framleiðslunni. Myndin sýnir landsframleiðslu á hverja vinnustund á OECD-svæðinu. Tölurnar eru teknar úr gagnasafni Groningenháskóla, en þar er að finna alþjóðlega sambærilegt mat á vinnustundafjölda í ólíkum löndum. Tölurnar sýna, að landsframleiðsla á vinnustund á kaupmáttarkvarða 2007 var 36 Bandaríkjadóllarar borið saman við 44, 45, 46 og 70 dollara í Finnlandi, Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Kaupmáttarkvarðinn er notaður til að draga úr skekkjunni, sem annars myndi hljóttast af því, að verðlag er mishátt eftir löndum. Myndin vitnar um ýmislega óhagkvæmni (til dæmis vegna ótæpilegrar búverndar, sem hamlar innflutningi landbúnaðarafurða og dregur úr samkeppni í ýmsum öðrum sviðum, þar á meðal í bankþjónustu). Þessi óhagkvæmni leggur þungar byrðar á Íslendinga, þar eð miklar tekjur á mann krefjast mikillar vinnu, líkt og í Bandaríkjunum og Japan. Hátt verðlag og háir vextir rýra kaupmátt heimilanna og knýja launþega til að vinna langan vinnudag og til að taka lán á lán ofan til að ná endum saman. Ekki sízt af þessum sökum þarf Ísland að ganga í Evrópusambandið.

Tiltölulega litla framleiðni vinnuafls á Íslandi virðist mega rekja til þriggja meginþátta. Fyrst ber að nefna of dræma fjárfestingu í vélum og tækjum. Frá 1995 hefur fjárfesting í mannvirkjum tvöfaldast miðað við landsframleiðslu. Hlutur véla og tækja í heildarfjárfestingu hefur minnkað úr tæpum helmingi 1990 í þriðjung 2007. Minnkandi framleiðni í sjávarútvegi ýtir undir þessa þróun, þar eð fiskiskipaflotinn hefur ekki minnkað að neinu ráði þrátt fyrir dvínandi fiskafla. Þetta stafar líklega öðrum þæði af ofveiði, brottkasti og löndun fram hjá vigt líkt og annars staðar í Evrópu. Átök um fiskveiðistjórnina hafa lagzt á sömu sveif og einnig ranglætið, sem liggur í eðli kvótakerfisins og mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur í nýlegum úrskurði lýst sem mannréttindabroti og fyrirskipað ríkisstjórninni að uppræta. Minni afli án samsvarandi niðurskurðar aðfanga þýðir minni framleiðni í sjávarútvegi. Í öðru lagi er hlutfall fullorðins vinnuafls (25-64 ára) með enga menntun umfram grunnskólapróf tvisvar sinnum hærra á Íslandi en í Danmörku, eða 37% á Íslandi borið saman við 19% í Danmörku, 21% í Finnlandi, 23% í Noregi og 16% í Svíþjóð samkvæmt upplýsingum OECD, enda þótt stór skref hafi verið stigin í menntamálum á undanförunum árum. Langur vinnutími virðist einnig líklegur til að draga úr framleiðni og lífsgæðum. Í þriðja lagi hefur hagstjórninni undangengin ár verið ábótavant. Frívæðing efnahagslífsins, viðnám gegn verðbólgu og einkavæðing voru útfærð á þann veg, að bönkunum og skuldum þeirra var leyft að vaxa hagkerfinu yfir höfuð, á meðan Seðlabankinn vanrækti að hækka bindiskyldu bankanna til að halda aftur af þeim eins og þurfti, en dró þess í stað úr henni til að koma til móts við óskir bankanna. Með líku lagi vanrækti Seðlabankinn að byggja upp nægan gjaldeyrisforða. Þessi mistök valda því, að Seðlabankinn megnar ekki að tryggja stöðugleika fjármálakerfisins, hvað þá heldur hóflega verðbólgu, eins og lög kveða á um. Slök stjórn ríkisfjármála bætti ekki úr skák. Samt sem áður eru horfur Íslands bjartar fram í tímann, og það er ekki sízt að þakka unga fólkinu, sem heldur áfram að hverfa aftur heim til Íslands.



**OECD: Landsframlæiðsla á vinnustund 2007  
(Bandaríkjadóllarar á kaupmáttarkvarða)**